

Fundargerð 40. fundar stjórnar Framkvæmdasjóðs ferðamannastaða.

Fundur var haldinn í fundarherbergi Ferðamálastofu þriðjudaginn 22. nóvember 2013 kl. 9:00 að Geirsgötu 9, 101 Reykjavík.

Viðstaddir: Albína Thordarson arkitekt FAÍ formaður, Guðjón Bragason, Sævar Skaptason og Anna G. Sverrisdóttir .

Frá FMS: Björn Jóhannsson umhverfisstjóri

Eftirfarandi mál voru rædd:

1. Samþykkt fyrri fundargerða

Skrifað var undir fundargerðir frá fundum nr. 30, 36, 37, 38 og 39. Björn var beðinn um að bæta málsnúmeri í lið 3 í fundargerð 39 um Þórsmörk og endurbæta útlit fundargerða.

2. 13-013 Göngustígakerfi Ísafjarðarbæjar

Eftirfarandi gögn voru lögð fram og rædd

- Lokaskýrsla og gögn frá Ísafjarðarbæ
- Beiðni stjórnar um frekari gögn og skýringar
- Skýringar frá Ísafjarðarbæ ásamt frekari gögnum/útprintunum
- Tölvupóstar milli Ísafjarðarbæjar, Ferðamálastofu og formanns stjórnar framkvæmdasjóðsins.

Niðurstaða umræðu: Styrkþegi verði upplýstur um ósamræmi milli tímagjalds í umsókn og lokaskýrslu. Að óbreyttu mun Björn reikna út styrksupphæð miðað við tímagjald í umsókn og gera upp styrkinn í samræmi við það. Einnig mæltist stjórnin til þessa að Björn hringi í bæjarstjóra ísafjarðar og ræði framsetningu á gögnum, ósamræmi í tímagjaldi og möguleg áhrif á síðari umsóknir ef ekki verður bætt úr ágöllum.

3. Framganga fráviksverkefna

Björn sagði frá verkefni 12-011 uppbyggingu Dyrhóleyjar en þar leit út fyrir að styrkur myndi ekki nýtast að fullu vegna vandræða með mótframlag. Nú hafa Mýrdalshreppur og Kötlusetur gert með sér samkomulag sem gerir þeim kleift að halda verkefninu áfram

4. Yfirferð umsókna 5. úthlutunar 2013

Björn lagði fram skjal þar sem umsóknir voru forflokkaðar í flokka A, B og C auk þess sem merkt hafði verið við þær umsóknir sem ekki þóttu uppfylla forsendur sjóðsins til styrkveitinga. Nokkur verkefni voru rædd stuttlega. Björn mun halda áfram að fara yfir umsóknir, nota til þess matsblað sjóðsins sem birt er á heimasíðu Ferðamálastofu og meta verkefni í samræmi við það.

Fundi slitið kl. 10:30 – Björn Jóhannsson ritaði fundargerð

A. Th.
Anna G.
Sórn